



## SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

### 50. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar

Miðvikudagur 3. ágúst 2016

Reykholt

**Mættir:** Bryndís Böðvarsdóttir formaður, Valgerður Sævarsdóttir varaformaður, Axel Sæland ritari, Kristín Hreinsdóttir skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Nils Guðjónsson fulltrúi foreldra Bláskógaskóla Reykholti, Drífa Kristjánsdóttir aðstoðarskólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Hildur Ósk Sigurðardóttir fulltrúi foreldra Álfaborgar, Regína Rósa Harðardóttir leikskólastjóri Álfaborgar, Þuríður Ágústa Sigurðardóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans Álfaborgar, Hekla Hrönn Pálsdóttir fulltrúi kennara Bláskógaskóla Reykholti.

#### **Leikskólinn Álfaborg og Bláskógaskóli Reykholti (16:00 – 17:30)**

1. Bráðabirgðaaðgerðir vegna myglu í Leikskólanum Álfaborg. Starfsemi leikskólans mun færast tímabundið í grunnskólann. Kristín og Regína fóru með skólanefnd í vettfangsferð um grunnskólann til að sýna það svæði sem leikskólinn fær til umráða. Skólanefnd vill þakka Kristínu og Regínu fyrir skjót viðbrögð. Skólanefnd leggur áherslu á að hér er um bráðabirgðaaðgerð að ræða og að vinna þarf málið vel og hratt. Beðið er eftir niðurstöðum úr sýnatökum til að geta tekið frekari ákvarðanir varðandi leikskólann.
2. Fjárhagslegt tjón fyrir leikskólann, ljóst er að henda þarf talsvert af búnaði, leikföngum og áhöldum leikskólans. Því þarf að fjárfesta í töluverðu af efnivið. Regína ætlar að athuga með þátt trygginga.
3. Regína las upp bréf sem sent verður til foreldra barna í leikskólanum. Skólanefnd líst vel á og telur bréfið útskýra vel hvernig brugðist verður við þessum aðstæðum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 17.30.